

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
104 Reykjavík

Selfossi 23. apríl 2025

Umsögn VÍN, Vina íslenskrar náttúru, um tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga Rammaáætlunar að flokkun tíu vindorkuverkefna

Mál í samráðsgátt stjórnvalda nr. S-7/2025

Inngangur

Umsögn þessi fjallar fyrst og fremst um þá ógn sem íslenskri náttúru stafar af stjórnlausri uppbyggingu vindorkuvera hér á landi. Framundan eru risavaxin áform um uppsetningu fjölda raforkuvera, sem munu hafa gríðarleg óafturkræf áhrif á náttúru landsins og efnahag almennings ef fer fram sem horfir.

VÍN leggur áherslu á að náttúra Íslands og eðlileg þróun hennar og þar með talið afar sérstætt landslag er sameiginleg „eign” þjóðarinnar sem mikilvægt er að vernda. Við berum auk þess öll sameiginlega ábyrgð á að þessari eign verði skilað í sem bestu ástandi til komandi kynslóða. Náttúra landsins er hvorki eign vindorkufjárfesta, einstakra landeiganda né nærsamfélaga. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þar sem áhrif vindorkuvera geta náð langt út fyrir mörk sveitarfélaga eða einstakar landareignir.

Áhrif á náttúru og umhverfi

Ljóst er að umhverfisáhrif af vindmyllum eru mikil. Þeim fylgir mikið jarðrask, þar með talið miklar vegaframkvæmdir, þær ógna fuglalífi og valda sjón- og hávaðamengun svo nokkuð sé nefnt. Hæð þeirra er mikil og mannvirkin sjást langt að. Lítt snortin víðerni eru eitt af helstu sérkennum landsins og hafa mikið gildi fyrir almenna útivist og ferðaþjónustu. Staðsetning vindorkuvera getur því haft mikil neikvæð áhrif á víðerni landsins.

Helstu staðbundnu neikvæðu áhrif vindorkuvera felast í tjóni á fuglalífi og náttúrulegum búsvæðum, sjónmengun og hávaðamengun. Óstaðbundin neikvæð áhrif þeirra eru einnig veruleg svo sem vegna mengunar við framleiðslu, flutning, slit og eyðingu vindmylla.

Gagnýni á „græna“ vindorku

VÍN varar sérstaklega við að sífellt sé verið að réttlæta nauðsyn á hraðri uppbyggingu vindorku í nafni þess að vindorkan sé græn og bjargi þar með lofslagsvandamálum. Vindorka sem spillir landslagi, víðernum, menningarminjum, jarðminjum og lífríki og notuð er til að auka neyslu og þar með talið kolefnislosun hefur ekkert með græna orku að gera, enda er það hugtak mjög vafasamt eitt og sér án alls samhengis.

Efnahagslegar og samfélagslegar áskoranir

VÍN varar við því að einkaaðilar nái að stjórna orkumarkaði, þ.e. verði á orku á Íslandi til almennings með allskyns milliliða- og markaðsbralli. Það hefur sýnt sig að þegar fjárhagslegir hagsmunir einstaklinga og fyrirtækja ráða ferðinni frekar en heildarhagsmunir almennings hefur það ítrekað valdið auknum náttúruspjöllum.

Þá er rétt að nefna að víða skortir innviði til að byggja vindorkuver. Það fara ekki alltaf saman hugmyndir um staðsetningu vindorkugarða og geta eða staðsetning raforkudreifikerfisins. Það er einnig svo að vegakerfi landsins er víða mjög illa undir það búið að flytja efni í vindmyllur. Á almenningur að kosta breytingar á innviðum, sem líka gætu haft skaðleg áhrif á náttúruna, bara til að þóknast sérhagsmunum eigenda vindorkuvera?

Stjórnvöld, sveitarstjórnir og almenningur verða að fara að gera sér grein fyrir að vindurinn er auðlind, sem þjóðin á. Það er með öllu ósættanlegt að erlendir auðhringir geti nýtt þessa auðlind okkar sem jafnframt hefur gríðarleg neikvæð áhrif á íslenska náttúru.

Verði farið út í að beisla vindorku hér að einhverju marki telur VÍN mikilvægt að innlendir aðilar, einkum orkufyrirtæki í samfélagslegri eigu annist nýtingu hennar til rafmagnsframleiðslu. Nýting vindorku er háð duttlungum veðurs og þarfnast því stuðnings frá annarri orkuvinnslu þegar vindur er óhagstæður, einhvers konar jöfnunarorku. Nýting vindorku hér á landi fellur því vel að starfsemi íslenskra orkufyrirtækja í samfélagslegri eigu eins og Landsvirkjunar og Veitna sem hafa vatnsföll og jarðhita tiltæk þegar lítið blæs.

Þótt nauðsynlegt sé að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að minnka almenna neyslu og með orkuskiptum, verður að gæta þess að ekki sé farið fram með offorsi. Vín telur því afar mikilvægt að uppbyggingu vindorkuvera hér á landi verði settar skýrar takmarkanir.

Í skýrslu verkefnistjórnar 5. áfanga Rammaáætlunar, *Drög að flokkun 10 vindorkukosta frá desember 2024* er að finna á bls. 28: 8. [Samantekt á niðurstöðum fyrir einstaka virkjunarkosti og drög að flokkun þeirra.](#)

Þar leggur verkefnastjórnin til að þessir 10 vindorkukostir verði allir settir í biðflokk, jafnframt að einn þeirra, Vindheimar, verði felldur úr rammaáætlun, þar sem áhugi framkvæmdaaðila sé ekki lengur fyrir hendi. Bent er á að sveitarstjórn Hörgársveitar hefur alfarið hafnað uppsetningu vindorkuvers í sveitarfélaginu og því hefði þessi orkukostur aldrei átt að koma hér til umfjöllunar. **Með vísan til ofangreinds rökstuðnings í umsögn þessari leggur stjórn VÍN eindregið til að allir þessir 10 virkjunarkostir verði flokkaðir nú þegar í verndarflokk.**

Að lokum

VÍN varar við öllum skemmdum á sérstöðu íslenskrar náttúru, landslagi, víðáttu og menningarminjum með uppsetningu vindorkuvera eða einstakra vindmylla. VÍN telur að vindorkuver á Íslandi muni breyta ásýnd landsins í grundvallaratriðum það er frá því að vera frekar ósnortið hvað varðar landslag yfir í manngert iðnaðarlandslag.

F.h. stjórnar Vina íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson
Tröllhólum 39
800 Selfossi
sveinnrun@gmail.com